

AUGLÝSING

um staðfestingu á breyting á aðalskipulagi Reykjavíkur.

Samkvæmt ósk borgarstjórnar Reykjavíkur hefur skipulagsstjórn ríkisins hinn 4. febrúar 1987 sbr. 3. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964 staðfest þá breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur að útivistarsvæði við Sævarhöfða innan staðgreinireits 4.052 verður athafna- og þjónustusvæði.

Félagsmálaráðuneytið, 17. mars 1987.

Alexander Stefánsson.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

AUGLÝSING

um staðfestingu á breyting á aðalskipulagi Reykjavíkur.

Samkvæmt ósk borgarstjórnar Reykjavíkur hefur skipulagsstjórn ríkisins hinn 4. febrúar 1987 sbr. 3. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964 staðfest þá breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur að landnotkun á staðgreinireit 1.463.2 (Suðurlandsbraut 48) verður þjónustu- og athafnasvæði í stað útivistarsvæðis.

Félagsmálaráðuneytið, 17. mars 1987.

Alexander Stefánsson.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagi Húsavíkur 1985 - 2005.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 6. mars 1987 staðfest uppdrátt að aðalskipulagi Húsavíkur.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um og verið samþykktur af bæjarstjórn Húsavíkur og skipulagsstjórn ríkisins.

Jafnframt er úr gildi felldur aðalskipulagsuppdráttur fyrir Húsavík sem staðfestur var af ráðuneytinu 23. janúar 1978.

Félagsmálaráðuneytið, 16. mars 1987.

Alexander Stefánsson.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.